

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 73/97
frá 4. október 1997**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var meðal annars breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/96 frá 4. október 1996⁽¹⁾.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til aðgerðaráætlunar bandalagsins um forvarnir gegn lyfjafíkn innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis (1996-2000) eins og kveðið er á um í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 102/97/EB⁽²⁾.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að koma á þessari auknu samvinnu frá 1. janúar 1997.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. mgr. 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

„ - **397 D 0102:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 102/97/EB frá 16. desember 1996 um amþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um forvarnir gegn lyfjafíkn innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis (1996-2000)(Stjtið. EB nr. L 19, 22. 1. 1997, bls. 25).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 54.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 19, 22. 1. 1997, bls. 25.

2. Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„ 2. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1996 taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í fyrstu þremur undirliðum 1. mgr. og frá 1. janúar 1997 í áætluninni sem um getur í fjórðu undirgrein.”.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1997.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner